

ingarinnar í Björgvin, 200 ríkisdala styrk úr jarðabókarsjóði Íslands, og skal því við bætt, að taka á styrk þenna af fè því, er til fært er í 9. grein VI C¹ í fjárhagslögnum. 1865.
30. ágúst.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um viðgjörð á Reykjavíkur dómkirkju. 30. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir skrifast á við fjárstjórnina útaf bréfi stiptamtsins, dagsettu 24. maímán. þ. á., um að Reykjavíkur dómkirkja þurfi töluverðrar viðgjörðar bæði á þaki og veggjum, og skal yður nú til vitundar gefið, að með því að fjárstjórninni þykir ísjárvert, eins og nú er ástatt, þar sem verið er að ræða um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandi Íslands og Danmerkur, að fallast á, að fè það, sem ætlazt er á að þurfi til viðgjörðarinnar, sè sett á fjárhagsáætlunina fyrir næstkomanda fjárhagsár, þá sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að halda lengra úti þetta mál að svo stöddu. Aptur á móti eruð þér beðnir um, herra stiptamtmaður, að hlutast til um, að brestir þeir, er gætu orðið þess ollandi að kirkjan sjálf eða bókasafnið á kirkjuloptinu verði fyrir skemmdum, fái þá aðgjörð, sem álita má alveg nauðsynlega.

69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um guðspjónustugjörðir katólskra í Reykjavík. 30. ágúst.

Eptir tilhlutan stjórnarráðsins hefir stiptamtíð sent hingað með bréfi 27. maímán. þ. á. skýrslu frá bæjarfógetanum í Reykjavík útaf bænarskrá, er hingað hafði borizt frá Baudoin, katólskum klerk, er býr í Reykjavík; ber hann sig upp undan því, að embættismaður þessi hafi bannað sèr að halda guðspjónustugjörð, ef menn sèu viðstaddir sem eru landsins trúar, og fleiru.

¹) þ. e. ýms óviss gjöld handa Íslandi.